

Stjórnarfundur UMSB

06.05.2014 – kl. 20.00

Skrifstofa UMSB í Borgarnesi.

Mættir: Aðalsteinn Símonarson, Pálmi Blængsson, Sólrún Halla Bjarnadóttir, Kristín Gunnarsdóttir og Ásgeir Ásgeirsson.

1. Formaður setur fundinn

Ásgeir setti fundinn í fjarveru Sigurðar sambandsstjóra

2. Formaður ber undir atkvæði um fundargerð síðasta stjórnarfundar

Alli vill almenna umræðu um framsetningu fundargerða þar sem þær eru mikilvægar heimildir ogeinnig því þær verða birtar á netinu. Mikið upplýsingagildi er í fundargerðum og því þarf að vanda til verks. Pálmi kemur með tillögu um að eftir hvern dagskrárlið/erindi verði gerð bókun á málinu. Alli vill einnig tölustafi/bókstafi við hvern dagskrárlið, þannig verður dagskráin skýrari.

Bókun: Ákveðið að hafa bókanir eftir hvern dagskrálið

Bókun: Ákveðið að fresta atkvæðagreiðslu um fundargerð síðasta stjórnarfundar fram til stjórnarfundar í júní.

3. Verkefni í gangi:

a) Viðræður við Hvalfjarðarsveit

Pálmi er búinn að senda bréf til sveitastjórnar Hvalfjarðarsveitar um samstarf við UMSB, erindið verður tekið fyrir á næsta sveitastjórnarfundum Hvalfjarðarsveitar. Í bréfinu frá Pálma var aðallega talað um þrjá liði: Afreksmannasjóð, íþróttamann ársins og íþróttar – og tólmstundaskólann.

b) Íþróttar – og tólmstundaskólinn

Fræðslunefndarfundur í morgun þar sem málið var tekið fyrir. Pálmi og Ásthildur fengu það verkefni að útbúa skipurit og starfslýsingu fyrir starfsmann. Skólastjórar taka mjög vel í þessar hugmyndir. Hugmynd er um að flytja færanlega skólafestu frá Varmalandi að Skallagrímshúsinu. Þetta er talin betri hugmynd en að leggja í breytingar við Félagsmiðstöðina Óðal, þar sem þá þyrfti að útbúa leikvöll og annað í nánd við Óðal. Staðan varðandi UMSB er að Pálmi þarf að útbúa skipuritið til þess að sjá hvort betra sé að hafa starfsmanninn á launum hjá UMSB eða hjá Borgarbyggð. Hugmynd um hafa þennan starfsmann líka undir Félagsmiðstöðinni Óðal þannig að starfsviðið myndi ná frá 1. – 10. Bekk. Pálmi mun skoða þessi mál nánar. Næsti fræðslunefndarfundur í lok mánaðarins þar sem skipurit verður klárt til atkvæða og þá þarf sveitastjórn að skoða þetta og samþykka til þess að hægt sé að auglýsa eftir starfsmanni.

c) Heimasíðan

Pálmi er búinn að senda aðgang til aðildarfélaga og er að klára leiðbeiningar um hvernig þau setja efni inn á heimasíðuna. Viðburðardagatal komið inn á heimasíðuna og gönguáætlun göngunefndar UMSB. Allt spyr hvort hægt sé að hafa „haus“ forsíðu UMSB heimasíðunnar þrátt fyrir að maður fari neðar á síðuna, að „hausinn“ fylgi alltaf.

d) Landsmótið okkar 2016

Skógaræktarfélag Borgarfjarðar og Skátafélag Borgarness er til í að aðstoða okkur við að útbúa gott tjaldstæði að Kárastöðum. Viljinn er að útbúa varanlegt tjaldstæði með skjólbelti og leiktækjum. Pálmi er búinn að útbúa umsókn til Borgarbyggðar um svæði í landi Kárastaða.

Bókun: Samþykkt að Pálmi vinni áfram að tjaldstæðamálum með formanni Skógræktarfélags Borgarfjarðar, Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur, og Félagsforingja Skátafélags Borgarness, Ragnari Andrésyni.

e) Úthlutun starfsstyrks

Flestir búnir að sækja um starfsstyrki en nokkrir fengu frest fram í þessa viku.

4. Stofnun afreksmannasjóðs – valið í nefnd til að endurskoða reglurnar

Ákveðið á síðasta fundi að ræða stofnun afreksmannasjóðs og hvaða nefndarmenn við viljum fá yfir afreksmannasjóði á þessum fundi.

Bókun: Pálmi talar við Rósu Marinósdóttur og Pétur Sverrisson um tilnefningu í nefnd afreksmannasjóðs. Pálmi sendir bréf á sveitastjórn um tilnefningu frá þeim í nefnd afreksmannasjóðs, t.d. að tilnefna Pál sveitastjóra. Nefnd Afreksmannasjóðs mun sjá um að útbúa vinnureglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum.

5. Formannafundur, dagsetningar og dagskrá

Formannafundur verður 5. Júní og Pálmi ætlar að ræða við Jóhannes hjá Golfklúbbi Borgarness um að útvega húsnæði fyrir formannafundinn. Hugmynd að dagskrá: Felix námskeið, kynning á heimasíðu, taka umræðu um eineltisteymi og koma búningum á sem flesta. Jafnvel gott að fá einhvern frá Grindavík til þess að kynna þeirra vinnu með eineltisteymið.

Bókun: Pálmi hefur samband við Grindavík um vinnu þeirra um eineltisteymið og fá kynningu frá þeim fyrir formenn aðildarfélaga á formannafundi.

Bókun: Sambandsstjóri hrósar Pálma fyrir vel unnin störf.

6. Afmælishátíð Landbúnaðarháskólans – aðkoma UMSB

Bryndís Geirsdóttir og Halldóra Lóa höfðu samband við Sambandsstjóra um aðild að afmælishátíð Landbúnaðarháskólans, með því t.d. að lána tjald og styðja aðildarfélögin.

Bókun: Stjórn UMSB veitir aðildarfélögum andlegan stuðning og samþykkingum að hjálpa eins og við getum.

7. Umsókn um inngöngu í UMSB – Dansíþróttafélag Borgarbyggðar

Bókun: Afgreiðslu umsóknar um inngöngu í UMSB frá Dansíþróttafélagi Borgarbyggðar er frestað fram til næsta stjórnarfundar í júní svo stjórnarmenn geti kynnt sér lög félagsins sem bárust með umsókninni í vikunni.

8. Önnur mál

- a) Þinggerð – margt sem þarf að gera eftir Sambandsþing UMSB. Það þarf að senda þakkarbréf, laga lögum um Íþróttamann Borgarfjarðar og fá sveitastjórn Borgarbyggðar til þess að samþykkja þau lög.
- b) Vallarsamningar – Byrjað að vinna eftir samningnum. Pálmi er í sambandi við Ingunni um hvað er verið að gera. Mikilvægt að virkja Ingunni í eftirlitinu með völlum á Varmalandi og Kleppjárnsreykjum.
- c) Landsmót 2017 – Það verður opnað fyrir umsóknir í haust og við höfum nú þegar fengið stuðning frá Borgarbyggð. Hugmynd um að fá SamVest til þess að koma að þessu með okkur. Gott að fá nýtt umboð frá Borgarbyggð þegar búið er að mynda nýja sveitastjórn eftir sveitastjórnarkosningar í lok maí.
- d) Sumarfrí Pálma – Pálmi spyr hvort við höfum rætt eitthvað um sumarstarfsmann fyrir hann þegar hann tekur sumarfrí.

Bókun: Pálmi ræðir sumarfríð við Sambandsstjórnann.

Næsti stjórnarfundur er 3. Júní kl. 20 í Reykholti samkvæmt dagatali

Fundi slitið kl. 22:22

Fundargerð ritaði Sólrún Halla Bjarnadóttir.